

# Skólahljómsveit Austurbæjar

Starfsáætlun 2018-2019



*Skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar*



## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	2
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár .....	3
Nemendafjöldi .....	3
Kennarar .....	4
Skóladagatal .....	4
Helstu viðburðir .....	<a href="#">4</a>
Samstarf .....	6
Kennsluhættir .....	6
Próunarverkefni .....	7
Kennslustaðir .....	<a href="#">8</a>
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans .....	8
Tónleikahald .....	8
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar .....	<a href="#">9</a>
Lokaorð .....	9

## INNGANGUR

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Austurbæjar fyrir komandi skólaár 2018 – 2019. Farið verður yfir helstu atriði starfsársins.

Það var að undirlagi Gunnars Thoroddsen borgarstjóra að ákveðið var að stofna skólahljómsveitir í Reykjavík þann 18. nóvember 1954. Gunnar hafði haft kynni af slíku æskulýðs-starfi erlendis og beitti hann sér fyrir málinu í bæjarráði. Bæjarráð Reykjavíkur fól þeim Páli Ísólfssyni tónskáldi, Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra og hljómsveitarstjórunum Karli O. Runólfssyni, Páli Pampichler Pálssyni og Haraldi Guðmundssyni að koma starfsemi hljómsveitanna á fót.

Fyrstu sveitirnar voru Lúðrasveit Austurbæjar og Lúðrasveit Vesturbæjar, og voru stjórnendur þeirra Páll Pampichler Pálsson og Karl O. Runólfsson sem jafnframt voru aðaltónlistarkennarar. Eingöngu drengir voru í sveitunum, valdir af söngkennurum skólanna.

Í skólaskýrslu 1967-68 er fyrst talað um að stúlkur leiki með lúðrasveitunum, en þá voru níu stúlkur í yngri deild.

Árið 1971 féll Karl O. Runólfsson frá, en hann hafði stjórnað Lúðrasveit Austurbæjar frá upphafi. Stefán Þ. Stephensen sem hafði kennt við lúðrasveitirnar tók við starfi hljómsveitarstjóra. Stefán stjórnaði skólahljómsveitinni til 2004 þegar Vilborg Jónsdóttir núverandi stjórnandi tók við. Í dag heitir hljómsveitin Skólahljómsveit Austurbæjar

## ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

Skólaárið 2018 – 2019 mun litast af mikilli vinnu með C sveit, landsmót á Akureyri í október, þróunarverkefni og undirbúningur fyrir utanferð. Starf A og B sveita er með hefðbundnara sniði. Miðað er við 130 nemendaígildi í grunnnámi sem verða að 137 nemendur. Við skólann er í vetur 7% stöðugildi kennara sem 14 kennara sinna, hver um sig með mikla fagmenntun á sitt hljóðfæri og 1 stöðugildi hljómsveitarstjóra. Í dag eru starfandi 3 hljómsveitir A, B og C sveitir sem raðað er í eftir aldri og getu.

Skólahljómsveitin er í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og Tónmenntskólann ásamt því að það eru alltaf einhver hópur nemenda sem er að spila áfram í elsta hópnum.

Heildarfjöldi í hljómsveitinni hækkar því verulega og verður 167 nemendur

## NEMENDAFJÖLDI

Í Skólahljómsveit Austurbæjar eru skráðir 139 nemendur í hljóðfæranám og 27 nemendur úr öðrum tónlistarskólum. Samtals 166 nemendur í 18 mismunandi skólum. Af 139 nemendum hafa 28 lokið grunnprófi.

	Nemendur í hljóðfæranám	Í öðrum tónlistarskólum	Stelpur	Strákar	Heild
Flautur	26	6	32		32
Óbó	4	1	4	1	5
Klarinett	28	5	22	11	33
Saxófónar	12	6	6	12	18
Slagverk	16	1	3	14	17
Trompet	29	6	13	22	35
Horn	6	1	4	3	7
Básúna	9		3	6	9
Bariton	6		1	5	6
Túba	3	1	2	2	4
Heildartala	139	27	90	76	166

## KENNARAR

Starfshlutföll kennara í %		hljóðfæri
Albert Sölvi Óskarsson	60	klarin, saxófónar
Grímur Helgason	10	klarinett
Gunnar Þorgeirsson	19	óbó
Ingibjörg Guðlaugsdóttir	100	málmblastur
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	46	Klarinett og saxófónn
Karen Erla Karólínudóttir	57	flauta
Lilja Valdimarsdóttir	35	málmblastur
Oddur Björnsson	63	málmblastur
Ólafur Hólm Einarsson	41	slagverk
Rósa Guðrún Sveinsdóttir	82	flauta, saxófón
Sólrún Mjöll Kjartansdóttir	22	slagverk
Sólveig Morávek Jóhannsdóttir	58	klarinett
Vilborg Jónsdóttir	100	málmblastur, hljómsveitarstjóri
Þórarna Salóme Brynjólfsdóttir	45	málmblastur

## SKÓLADAGATAL



Skóladagatal  
skolaus 2018 - 2019.

## HELSTU VIÐBURÐIR

24. ágúst	Fyrsti kennsludagur
5. september	Fundur með foreldrum nýnema
27. sept.	<b>Aðalfundur Forsa, foreldrafélags Skólahljómsveitarinnar</b>
8. – 12. okt	Foreldravika
<b>12. – 14. okt.</b>	<b>Landsmót C sveit á Akureyri</b>

15. okt	Fyrsta æfing Karnival
<b>18. - 22. okt.</b>	<b>Vetrarfrí</b>
3. nóv	Langur æfingadagur B - sveit
10. nóv.	Langur æfingadagur C - sveit
<b>29. nóv.</b>	<b>Hausttónleikar allra hljómsveita í Langholtskirkju kl. 20.00</b>
<b>9. des</b>	<b>Jólatónleikar í Hörpuhorni</b>
18. des	Síðasti kennsludagur fyrir jól
19. - 20. des	Jólaskemmtanir , hópar að spila í Breiðagerði og Laugarnesi
<b>21. des – 3. jan</b>	<b>Jólafrí</b>
4. janúar	Fyrsti kennsludagur eftir jólafrí
19. - 20. janúar	Æfingabúðir B – sveit í Þorlákshöfn – ekki staðfest
2. - 3. feb	Löng æfingahelgi hjá C sveit
4. - 8. feb	Foreldradagar
<b>8. , 9., 15., 17. feb</b>	<b>Tónfundir</b>
<b>16. feb</b>	<b>Nemendur úr Skólahljómsv. spila með Sinfóníuhljómsv. Íslands</b>
19. feb	Tónstigapróf
<b>25. - 26. feb</b>	<b>Vetrarfrí</b>
6. mars	Öskudagur – starfsdagur – <b>frí hjá nemendum</b>
<b>23. mars</b>	<b>Vortónleikar í Langholtskirkju kl. 16.00</b>
24. mars	Nótan svæðistónleikar
30. mars	Big – band maraþon
<b>8. – 12. apríl</b>	<b>Prófavika, allir nemendur taka vorpróf</b>
<b>13. – 22. apríl</b>	<b>Páskafrí</b>
23. apríl	Fyrsti kennsludagur eftir páska
25. apríl	<b>Sumardagurinn fyrsti.</b> C sveit spilar skrúðgöngu
<b>1. maí</b>	<b>Verkalýðsdagurinn frí</b> - miðvikudagur
24. maí	Síðasti kennsludagur

---

<b>25. maí</b>	<b>Uppskeruhátíð skólahljómsveita í Fjölskyldu og húsdýragarði</b>
26. maí	Kammertónleikar
<b>29. maí</b>	<b>Skólaslit í Laugarnesskóla</b>
<b>Júní</b>	<b>Útanferð C sveitar</b>

#### SAMSTARF

Skólahljómsveitin hefur haft mikið samstarf við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins síðustu árin. Samstarfið felst í að nemendur þessara skóla fá tækifæri til að spila í hljómsveitunum og taka þátt í öllu starfi á hennar vegum. Nemendur Skólahljómsveitarinnar hafa á móti fengið aðgang að tónfræðikennslu hjá Tónskóla Sigursveins og taka þátt í ýmiss konar minni samspilum eða verkefnum á vegum þessara tónlistarskóla eftir því sem hentar hverju sinni. Í vetur eru um 30 nemendur í tónfræðigreinum. Skólahljómsveitin er í stöðugu samstarfi við grunnskólana og foreldrafélög skólanna. Hljómsveitir eða minni hópar koma fram stundum mörgum sinnum á ári. Samstarfið er aðeins mismikið eftir fjölda nemenda í árgöngum og hvernig tekst að raða nemendum saman í samspil sem er eiginlegar grunnur þess að hópur sé sjálfstæður í grunnskóla. Þ.e. að hægt sé að setja hópinn saman og spila saman. Það er því æskilegt að í hverjum grunnskóla séu staðsettir 2 – 3 kennarar frá skólahljómsveit með fjölbreytt hljóðfæri til að geta verið sýnileg innan skólans við hin ýmsu tækifæri.

#### KENNSLUHÆTTIR

Í Skólahljómsveitinni fá nemendur 50 – 60 mín á viku í hljóðfæranám hjá kennara. Allir nemendur sem lokið hafa grunnprófi fá 60 mín í hljóðfærakennslu á viku 1 sinni til tvisvar eftir því hentar kennara og nemanda. Nýir nemendur fá 2x 25 mín á viku. Allir aðrir nemendur 55 mín 1x eða tvisvar í viku. Auk þessa eru allir nemendur í samspili 2x í viku. Lengd æfinga er mismunandi eftir aldri og getu. A sveitin æfir 2x 50 mín, B sveitin æfir 60 mín annan daginn og 65 mín hinn daginn. C sveitin æfir 2x 90 mín.

Nemendum gefst kostur á að fara í tónfræði sem kennd er í Tónskóla Sigursveins. Nemendur sem hafa lært í a.m.k. 2 ár á hljóðfæri og eru ekki yngri en í 6. bekk stendur til boða að fara í tónfræði sér að kostnaðarlausu.

Ýmis konar lítil samspil eru starfandi yfir veturinn í mislangan tíma. Oft fyrir jólavertíð og einnig fyrir fermingar ásamt ýmsum samvinnuverkefnum sem koma upp með styttri fyrirvara. Kennarar setja gjarnan saman litla hópa fyrir tónleika. Þetta er til viðbótar hefðbundinni kennslu. Í vetur er heilmikið um samspil þar sem það gefur nemendum aðra upplifun, eykur spilatækni og félagslegi þátturinn styrkist. Einnig er auðveldara að fara með minni hópa til að spila við ýmsar aðstæður. Í ár er t.d. mjög stór hópur í 6. bekk

í Laugarnesskóla sem nær að spila sem sjálfstæð hljómsveit og mun koma fram í tengslum við 1. des hátíðarhöld 2018

## PRÓUNARVERKEFNI

Þetta er samstarfsverkefni Skólahljómsveitar Austurbæjar með fagaðilum á sviði brasilískrar tónlistar. Það eru Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, básúnuleikari og tónlistarkennari og Rodrigo Lopes, trommuleikari og tónlistarkennari.

Aðalþema verkefnisins er kjötkveðjuhátíð eða carnaval Brasilíu. Hátíðinni fylgir ákveðin tegund tónlistar sem er leikin af lúðra og trommusveitum á götum úti í algleymingi skróðklæddra þátttakenda. Skólahljómsveit Austurbæjar telur um 130 nemendur í þremur aldurskiptum hljómsveitum A, B og C og nokkuð jafnt af báðum kynjum og breytt aldurstig eða 8 – 17 ára.

Framkvæmdin felst aðalega í hefðbundnum lúðrasveitaæfingum vikulega, ásamt lengri æfingadögum með stuttum fyrirlestrum um sögu kjötkveðjuhátíðarinnar og tónlistarhefðir Brasilíu. Verkefnið verður aðalega hugsað fyrir C-sveit en einnig munu A og B-sveitar nemendur taka þátt að hluta til og í lokaflutningi. Eitt af markmiðunum er að geta nýtt efnið í skróðgöngulagalista skólahljómsveitarinnar.

Möguleiki er að tengja verkefnið við fleiri en einn utanaðkomandi samstarfsaðila. Meðal annars meistaraverkefni Sigrúnar frá listkennsludeild LHÍ, tónlistariðkun með börnum á Íslandi með brasilískar rætur og dansskóla þar sem tónlist carnivalsins er fyrst og fremst til að dansa við.

Ein aðal fyrirmynd verkefnisins er tónlistarskólinn Favela Brass í Rio de Janeiro. Tengingin við skólann kemur frá því að Sigrún hefur verið þar sem gestakennari í tvígang. Skólinn býður upp á hljóðfærakennslu þar sem nemendur læra að leika bæði á blásturs og slagverkshljóðfæri sem hefur gefist mjög vel. Æfingar með Skólahljómsveitinni munu því fara fram í tvennu lagi. Í fyrsta lagi munu allir nemendur læra grunnatriði í batucada-slagverki. Batucada eru fjölmennar slagverkssveitir sem leika stóran þátt í kjötkveðjuhátíðinni. Í öðru lagi munu nemendur leika carnaval lögin í hefðbundinni lúðrasveit í nýjum útsetningum Sigrúnar.

Í lokin verða tónleikar eða frekar uppákoma með karnivali fyrir áhorfendur í anddyri Hörpu, ef tímasetning passar þá á Barnamenningarhátíð. Þar verður karnival með öllum hljómsveitum og þátttakendum verkefnisins. Einnig verða tvennir tónleikar í grunnskólum hverfisins þar sem C sveitin mun flytja afrakstur verkefnisins. Stefnt er á Vogaskóla og Laugarnesskóla. Skróðganga á sumardaginn fyrsta mun líka verða með karnival sniði vorið 2019.

## KENNSLUSTAÐIR

Skólahljómsveit Austurbæjar hefur sitt aðal aðsetur í Laugarnesskóla. Þar æfa allar hljómsveitir, slagverkskennsla er eingöngu þar og skrifstofa hljómsveitarstjóra. Margir kennarar eru einnig staðsettir í Laugarnesskóla. Þegar nemendum fjölga þá þarf meira húsnæði til að kenna í og stærri rými fyrir hljómsveitir. Skólahljómsveit Austurbæjar er starfrækt í eldri skólum og mjög erfitt um vik að auka kennsluhúsnæði. Það eru allir að vilja gerðir en það er ljóst að starfsaðstæður í Laugarnesskóla og í Langholtsskóla eru ekki boðlegar. Það þarf því alvarlega að huga að auka við húsnæði Skólahljómsveitar Austurbæjar. Starfsstöð í Langholtsskóli hefur stækkað mikið enda hefur nemendum þar fjölgað töluvert. Breiðagerðisskóli hefur lengi verið stór starfsstöð en hefur því miður minnkað undanfarin ár. Nauðsynlegt er að gera átak til að efla starf hljómsveitarinnar í Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla, besta leiðin er að færa kennsluna til nemenda. Veturinn 2018 – 2019 er einnig kennt í Vogaskóla.

## HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

**Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík**

Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda í tónlist með hljómsveitarstarfi og styðja við tónlistaruppeldi nemenda sinna í samstarfi við skólana.

**Hlutverk og markmið skólahljómsveita er að**

Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.

Jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Efla félagsleg samskipti.

Efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram við ýmis tækifæri.

Vekja áhuga annarra ungmenna á tónlistarstarfinu með því að koma fram á viðburðum og hátíðahöldum í sínu hverfi.

## TÓNLEIKAHALD

Starfsárið hófst með landsmóti SÍSL á Akureyri fyrir C sveitir 12. – 14. október. Allar hljómsveitir spila tvönn stóra tónleika á ári sem uppskeru annarinnar. Hausttónleikar verða 29. nóvember í Langholtskirkju kl. 20.00. Jólatónleikar í 9. desember í Hörpuhorni, þar munu ekki allar sveitir spila. Vortónleikar verða 23. mars í Langholtskirkju. Fyrir jólin spila hljómsveitirnar í jólaföndri í skólunum og koma líka fram í minni hópum við ýmsar uppákomur á vegum skólanna. Jólaskemmtanir í Breiðagerðisskóla eru með sérstöku sniði þar sem það er heil lúðrasveit sett sérstaklega saman sem spilar undir söng þegar



gengið er í kringum jólatréð. Lögin voru sérstaklega útsett fyrir þessar skemmtanir. Kennarar halda sína eigin tónfundi 2x – 3x á vetri þar sem nemendur koma fram einir eða í litlum samspilum. Allar hljómsveitir spila heilmikið fyrir grunnskólana og á svo á öðrum vettvangi. A og B sveitir spila mikið innan skólanna og þá á skólatíma fyrir sína jafnaldra. C sveitin spilar frekar önnur verkefni utan skólatíma við ýmis tækifæri. C sveitin hefur lagt mikla vinnu í að æfa skrúðgöngu og það er helsta verkefnið á vorin að spila úti. Með þróunarverkefninu verður vonandi hægt að bæta í fjölbreytni.

Árinu lýkur með tónleikferð C sveitar til Króatíu. Það er stór gulrót fyrir nemendur að fá tækifæri til að halda tónleika erlendis og spila við aðrar aðstæður.

## HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Leiðarljós Reykjavíkurborgar er: Að öll börn í borginn eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, og fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk: Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldu og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Skólahljómsveitin leggur sig að fullu fram við að framfylgja þessari stefnu með að staðsetja kennslu eins og best er í heimaskólum barnanna. Vera í sífellu í framlínu nýjunga í kennslu og kynna nemendum alla flóru tónlistar.

## LOKAORÐ

Skólahljómsveit Austurbæjar leggur metnað í að hafa faglega vinnu á öllum stöðum. Góða kennslu og að nemendur séu glaðir. Öll samvinna sé eins góð og best verður kosið. Samvinna við foreldra og nemendur, milli nemenda, samvinna kennara og við alla aðila sem koma að börnunum og ungmennunum sem eru þátttakendur í starfinu.

Foreldrafélagið skipar stóran sess í rekstri hljómsveitarinnar og allar ferðir væru ekki farnar án þeirra.


Til að halda tónleika þarf tónleikahús. Með stórum hljómsveitum þarf stórt húsnæði og því miður þá eru bestu tónleikahúsin svo dýr að það er ekki á valdi hljómsveitanna að greiða fyrir leiguna á þeim. Það væri því æskilegt að Reykjavíkurborg endurskoði alla húsnæðisþörf með tilliti til kennslu og tónleikahalds.

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

# Tónlistarskóladaatal 2018 - 2019

Nafn skóla: **Skólahljómsveit Austurbæjar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L Hausthátíð Háaleitis	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L Langur æfingadagur B sv.	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F Kennsla hefst	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M B sveit byrjar Nýnemafundur	5 F STS þing	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M Frídagur verslunarmanna	6 F	6 L STS þing	6 Þ	6 F	6 S	6 M Dagur leikskólans	6 M Oskudagur Starfsdagur	6 L Nótan - Akureyri	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S STS þing	7 M	7 F Tónfundir	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M Foreðravíka	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L Tónfundir	8 Þ	8 F Tónfundir	8 F	8 M Prófavíka	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ Prófavíka	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L Langur æfingadagur C sv.	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M Prófavíka	10 F	10 M Annar í hvítasunu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ Tónfundir	11 F	11 M	11 M	11 F Prófavíka	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M A sveit byrjar	12 F Landsmót C sv. Akureyri	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Prófavíka	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L Landsmót C sv. Akureyri	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S Landsmót C sv. Akureyri	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Tónfundir	15 F	15 M Páskafri	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Tónfundir	17 S	17 M	17 F	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F Vetrarfrí	18 S	18 Þ Síðasti kennsludagur	18 F	18 M	18 M	18 F Skirdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F Vetrarfrí	19 M	19 M Jólaskemmtanir	19 L	19 Þ Tónstígaþróf	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M starfsdagur	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F Jólaskemmtanir	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ starfsdagur	21 F	21 S	21 M	21 F Jólafri hefst	21 M	21 F	21 F	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M Skólasætin, grunnskóla starfsdagur/ sameiginlegur	22 L	22 M Vetrarfrí	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F starfsdagur/ æfing C sveit	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L Tónleikar hljómsveitanna Langhótskirkja kl. 16.00	23 Þ Kennsla	23 F	23 S	23 Þ
24 F Kennsla hefst	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S Konudagur	24 S Nótan svæðistónleikar Salurinn Kópavogi	24 M	24 F Síðasti kennsludagur Sjúkrapróf	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F Bóndadagur	25 M Vetrarfrí	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L Uppskeruhátíð skólahljóms	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ Vetrarfrí	26 Þ	26 F	26 S Kammertónleikar Laugameskirkja	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M Starfsdagur	27 F	27 L
28 Þ	28 F FT svæðisþing	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ Starfsdagur	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 Þ Tónleikar hljómsveitanna Langhótskirkja kl. 20.00	29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M Starfsdagur/Skólasit	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M			30 L Big-band maraþon	30 Þ	30 F Uppstigningardagur	30 S
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F			31 S	31 F		31 M



SKÓLAHLJÓMSVEIT  
AUSTURBÆJAR

# Skólahljómsveit Austurbæjar

## Skýrsla 2017-2018



## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
Sagan .....	3
Markmið .....	3
Umgjörð og búnaður .....	4
<i>Kennslustaðir</i> .....	4
<i>Búnaður</i> .....	4
Umfang starfsins .....	5
<i>Nemendafjöldi</i> .....	5
<i>Kennarar</i> .....	6
<i>Skóladagatal</i> .....	6
<i>Æfingar hljómsveita</i> .....	6
<i>Tónfræði</i> .....	7
<i>Kennslumagn</i> .....	7
<i>Námsmat</i> .....	7
<i>Útskrift og viðurkenningar</i> .....	9
<i>Undirleikur</i> .....	9
<i>Foreldrafélag</i> .....	9
Tónleikar og viðburður .....	10
<i>Hljómsveitir</i> .....	11
<i>Tónleikar allra hljómsveita</i> .....	11
<i>A - sveit</i> .....	11
<i>B - sveit</i> .....	12
<i>C - sveit</i> .....	13
<i>Aðrir hljóðfærahópar</i> .....	14
Lokaorð .....	16

## INNGANGUR

Skýrsla fyrir Skólahljómsveit Austurbæjar fyrir starfsárið 2017 – 2018 tekur yfir það starf sem unnið var í vetur. Reynt er eftir fremsta megni að vanda allar tölur og hafa eins tæmandi upplýsingar um starfsemina í heild sinni eins og kostur er. Til þess að hægt sé að halda tónleika og alla viðburði þarf að æfa og undirbúa, sá tími er ekki tekinn inn og því þarf að minna fólk á að undirbúningstími fyrir vandaða viðburði getur verið langur.

Myndir í skýrslunni eru allar frá þessu starfsári.

## SAGAN

Það var að undirlagi Gunnars Thoroddsen borgarstjóra að ákveðið var að stofna skólahljómsveitir í Reykjavík þann 18. nóvember 1954. Gunnar hafði haft kynni af slíku æskulýðs-starfi erlendis og beitti hann sér fyrir málinu í bæjarráði. Bæjarráð Reykjavíkur fól þeim Páli Ísólfssyni tónskáldi, Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra og hljómsveitarstjórunum Karli O. Runólfssyni, Páli Pampichler Pálssyni og Haraldi Guðmundssyni að koma starfsemi hljómsveitanna á fót.

Fyrstu sveitirnar voru Lúðrasveit Austurbæjar og Lúðrasveit Vesturbæjar, og voru stjórnendur þeirra Páll Pampichler Pálsson og Karl O. Runólfsson sem jafnframt voru aðaltónlistarkennarar. Eingöngu drengir voru í sveitunum, valdir af söngkennurum skólanna.

Í skólaskýrslu 1967-68 er fyrst talað um að stúlkur leiki með lúðrasveitunum, en þá voru níu stúlkur í yngri deild.

Árið 1971 féll Karl O. Runólfsson frá, en hann hafði stjórnað Lúðrasveit Austurbæjar frá upphafi. Stefán Þ. Stephensen sem hafði kennt við lúðrasveitirnar tók við starfi hljómsveitarstjóra. Stefán stjórnaði skólahljómsveitinni til 2004 þegar Vilborg Jónsdóttir núverandi stjórnandi tók við.

Í dag eru starfandi 3 hljómsveitir A, B og C sveitir eða um 165 nemendur úr 23 mismunandi skólum. Samstarf er við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins.

## MARKMIÐ

Markmið sem unnin voru í samvinnu við kennara skólahljómsveitanna í Reykjavík á starfsdögum að vori 2013 og Skólahljómsveit Austurbæjar hefur að leiðarljósi.

### Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík

Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda í tónlist með hljómsveitarstarfi og styðja við tónlistaruppeldi nemenda sinna í samstarfi við skólana.

### Hlutverk og markmið skólahljómsveita er að

Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.

Jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Efla félagsleg samskipti.

Efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram við ýmis tækifæri.

Vekja áhuga annarra ungmenna á tónlistarstarfinu með því að koma fram á viðburðum og hátíðahöldum í sínu hverfi.

### Skilgreining á skólahljómsveit

Skólahljómsveitir taka mið af aðalnámskrá tónlistarskóla.

Skólahljómsveitirnar hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði innan ramma aðalnámskrár tónlistarskóla, stefnu Reykjavíkurborgar og fjárhagsramma hvers árs.  
Hver skólahljómsveit þjónustar ákveðna skóla sem samþykkt hefur verið í hverfaskiptingu.  
Hver skólahljómsveit gerir sérstaka starfsáætlun með þeim sameiginlegum markmiðum sem liggja fyrir. Í skólahljómsveit er kennt á öll helstu blásturshljóðfæri og slagverk.  
Skólahljómsveitir eiga aðild að Prófanefnd tónlistarskóla.  
Stefnt er að tónfræðakennslu í hóptímum fyrir þá sem hyggja á áfangapróf.  
Foreldrafélag starfar í tengslum við hverja skólahljómsveit

### Kennsla og kennsluhættir

Nám í skólahljómsveitum er tvíþætt:

1. Skólahljómsveit byggist á hljómsveitarstarfi sem raðast eftir aldri og færni nemenda.
2. Hver nemandi fær til viðbótar við hljómsveitaræfingar hljóðfærakennslu í 40-60 mínútur á viku eftir aldri og kunnáttu.

Hljóðfærakennsla fer ýmist fram á eða eftir skólatíma. Skipulag kennslustunda á skólatíma er í samráði við skólastjóra, viðkomandi grunnskólakennara og með samþykki forráðamanna.

Hljóðfæranám byggir að stórum hluta á heimaæfingum. Því er nauðsynlegt að nemendur hafi aðstöðu og njóti stuðnings heima fyrir.

### Ástundun

Nemendur mæti á allar hljómsveitaræfingar, spilatíma og aðra skipulagða viðburði á vegum skólahljómsveitarinnar. Öll forföll skal tilkynna með fyrirvara.

Til að viðunandi árangur náist í hljóðfæranámi þarf nemandi að leika á hljóðfæri á hverjum degi

### Námsmat

Námsmat fer fram a.m.k. einu sinni á ári samkvæmt starfsáætlun skólahljómsveita.

Felst það í:

Ársprófi skólahljómsveita eða grunn-/miðprófi tónlistarskóla eftir því sem við á.

Umsögn og/eða einkunn kennara og stjórnanda um ástundun nemanda.

## UMGJÖRD OG BÚNAÐUR

### KENNSLUSTAÐIR

Hljómsveitin hefur aðal aðsetur í Laugarnesskóla þar sem allar hljómsveitaræfingar fara fram, öll slagverkskennsla og skrifstofa hljómsveitarstjóra. Þar er sérstakt rými fyrir hljóðfæri sem hljómsveitin hefur til umráða. Mikið af kennslu fer fram í hefðbundnum kennslustofum. Kennt er í Langholtsskóla í 2 kjallaraherbergjum, öðru gluggalaus. Kennslurýmið er ekki gott til kennslu en kennarar velja að notað rýmið þar sem það er eingöngu notað fyrir kennslu á hljóðfæri, það skiptir máli að hafa aðgang að kennslurými þegar best hentar kennurum en vera ekki undir náð og miskunn af annarri starfsemi. Kennsla er einnig í Breiðagerðisskóla, Vogaskóla og Háaleitisskóla v. Álftamýri. Samningur er við þessa skóla um aðgengi að kennslustofum.

### BÚNAÐUR

Mest af öllum búnaði hljómsveitarinnar er í Laugarnesskóla en þar fer fram öll slagverkskennsla. Hljómsveitin á 3 trommusett bæði til einkakennslu og fyrir hljómsveitina. Í Laugarnesskóla eru æfingar allra hljómsveita og allt slagverk sem nauðsynlegt er fyrir stóra hljómsveit s.s. pákur, sílafónn, kongas og

bongós ásamt fleiri minni slagverkshljóðfæra . Hljómsveitin á einnig búnað fyrir skrudgöngu, 2 göngutrommur og 1 bassatrommu.

Í Laugarnesskóla á hljómsveitin 1 píanó og 3 rafmagnshljómborð. Í Langholtsskóla er 2 rafmagnspíanó í eigu hljómsveitarinnar. Í öðrum skólum er treyst á aðgengi að píanóum/hljómborðum í eigu skólanna. Hljómsveitin á blásturshljóðfæri til að lána öllum nemendum og þarf að sjá um allt viðhald ásamt endurnýjun eftir þörfum. Hljóðfæraeign hefur aukist töluvert á síðasta ári vegna fjölgunar í hljómsveitinni ásamt heilmikilli endurnýjun sem var mjög aðkallandi. Afskrifa þarf reglulega hljóðfæri þar sem þau hafa flest ákveðinn líftíma þegar þau fara í hendur margra nemenda. Hljómsveitin á nokkur óbó og er eina skólahljómsveitin í Reykjavík sem kennir á óbó.



## UMFANG STARFSINS

### NEMENDAFJÖLDI

Í Skólahljómsveit Austurbæjar eru skráðir 137 nemendur í hljóðfæranám og 28 nemendur úr öðrum tónlistarskólum. Samtals 165 nemendur í 23 mismunandi skólum. Af 137 nemendum hafa 22 lokið grunnprófi. Hlutfall nýnema er óvenju hátt vegna aukningar á þessu ári.

	Nemendur í hljóðfæranám	Í öðrum tónlistarskólum	Stelpur	Strákar
Flautur	26	4	30	
Óbó	4	2	6	
Klarinett	28	5	23	10
Saxófónar	11	4	6	9
Slagverk	16	2	5	13
Trompet	25	7	11	21
Horn	6	2	3	5
Básúna	13		4	9
Bariton	5	1	2	4
Túba	3	1	1	3
Heildartala	137	28	91	74

## KENNARAR

Starfshlutföll kennara í %		hljóðfæri	
Albert Sölvi Óskarsson	54	klarin, saxófónar	
Grímur Helgason	10	klarinett	
Ingibjörg Guðlaugsdóttir	100	málmlástur	
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	41	klarinett	e. áramót
Karen Erla Karólínudóttir	51,5	flauta	
Lilja Valdimarsdóttir	35	málmlástur	
Oddur Björnsson	60	málmlástur	
Ólafur Hólm Einarsson	37	slagverk	
Rósa Guðrún Sveinsdóttir	81,5	flauta, saxófón	
Símon Karl Sigurðarson	23,5	klarinett	Fyr.áramót
Sólrún Mjöll Kjartansdóttir	18,5	slagverk	
Sólveig Morávek Jóhanssdóttir	78	klarinett, sax	til áramóta um 50 eftir áramót
Vilborg Jónsdóttir	100	málmlástur, hljómsveitarstjóri	
Þórunn Salóme Brynjólfsson	37,5	málmlástur	
Össur Ingi Jónsson	19	óbó	

## SKÓLADAGATAL

Skóladagatal skólaársins 2017 – 2018 fylgir með sem fylgirit.

## ÆFINGAR HLJÓMSVEITA

<b>A – sveit</b>	Miðvikudagar	kl. 17.00 – 17.50
	Föstudagar	kl. 17.00 – 17.50
<b>B – sveit</b>	Mánudagar	kl. 16.15 – 17.20
	Miðvikudagar	kl. 18.00 – 19.00
<b>C – sveit</b>	Mánudagar	kl. 17.30 – 19.00
	Fimmtudagar	kl. 17.00 – 18.30



## TÓNFRÆÐI

Tónfræði er kennd í samvinnu við Tónskóla Sigursveins og er nemendum okkar að kostnaðarlausu. Nemendum frá Tónskóla Sigursveins stendur til boða að taka þátt í starfi Skólahljómsveitar Austurbæjar.

Í vetur voru 24 nemendur í tónfræði á ýmsum námsstigum.

## KENNSLUMAGN

Allir nemendur hitt kennarann sinn einu sinni til tvisvar í viku einir eða með öðrum. Miðað er við að nemendur á fyrsta ári fái 50 mín á viku. Þeir sem lokið hafa grunnprófi fá 60 mín á viku og allir aðrir fá 55 mín á viku. Allir nemendur mæta 2x sinnum í viku á hljómsveitaræfingu um leið og nemendur hafa getu til. Í Skólahljómsveit Austurbæjar er lagt upp úr að nemendur fái tækifæri til að spila í kammerhópum, oft hópur eldri nemenda sem hljómsveitarstjóri æfir. Klarinettuhópur var starfandi næstum allan veturinn, um jól var flautuhópur og svo voru settir saman hópar til viðbótar í tengslum við fermingar. Þá eru búnir til hópar með og í kringum fermingarbörn sem spila síðan í fermingum hjá hvert öðru. Kennarar setja saman samspilshópa eftir því sem hentar fyrir tónfundi. Á síðustu vikum þessa skólaárs var unnið sérstaklega með minni samspilshópa og margir kennarar lögðu mikla vinnu í að útsetja og æfa. Í vetur hefur aukist að kennarar starfi með fleiri samspilshópa og æfi þá lengur fyrir ýmsar upptökur sem ég hef því miður ekki bókhald yfir.



## NÁMSMAT

Allir nemendur taka próf að vori. Þetta skólaár voru prófin dagana 17. - 20. apríl. Hjá Skólahljómsveit Austurbæjar er vorprófakerfi sem unnið var í samvinnu við kennara og er í stöðugri endurskoðun. Í vetur var prófskipulagið endurskoðað og verið er að vinna að prófaskipulagi fyrir slagverkið.

Prófskipulag er eftirfarandi:

## Vorpróf blásara

Prep 1: 1 lag

Prep 2: 1 lag,

1 tónstigi,  
Lestur af blaði(val)

Prep 3: 2 lög

2 tónstigar, þríhljómar  
Lestur af blaði(val),

Prep 4: 2 lög,

a.m. k. 3 tónstigar eða prófdómari velur 3 tónstiga úr fleiri mögulegum, þríhljómar úr tónstigunum, krómatískur tónstigi.  
Lestur af blaði

Prep 5:

Nemandi spilar 2 – 3 verkefni  
1 - 2 lög og/eða Æfing og/eða valþáttur.

Allir spila eftirfarandi:

Lestur af blaði,

Tónstigar: nemandi þarf að kunna dúr tónstiga til og með 2 hækkunarmerkjum og tveimur lækkunarmerkjum. Kunna a.m.k. 3 laghæfa molla sem kennari tilgreinir og prófdómari getur valið úr. Þríhljóma úr öllum tónstigum. Krómatískur tónstigi.

Prep 6:

A. 1 lag og 2 tónstig lengra en grunnpróf

B. 2 lög – ca. 4 tónstiga

C. Nemandi spilar 2 – 3 verkefni

1 - 2 lög og/eða Æfing og/eða valþáttur.

Allir spila eftirfarandi:

Lestur af blaði,

Tónstigar: miða við 4 formerki í dúr og moll, þríhljómar, kennari getur valið úr tónstiga fyrir próf eða láta velja í prófi, krómatískur tónstigi.

Kennari velur hvaða þrep hver nemandi tilheyrir. Allir nemendur fá umsögn í orðum frá prófdómara.

Vitnisburðarblað að vori verður síðan með umsögn prófdómara ásamt umsögn kennara.

Prófdómarar í þessum prófum eru kennarar Skólahljómsveitarinnar.

Tónleikapróf stendur þeim nemendum til boða sem eru að útskrifast frá Hljómsveitinni og þá spilar nemandinn 1 – 3 verkefni á tónleikum með áhorfendum en fær einkunn og umsögn frá prófdómara. Prófdæming er í höndum kennara.

12 nemendur tóku grunnpróf á vegum Prófanefndar, 3 nemendur tóku 4. stig sem er millipróf á milli grunnprófs og miðprófs innan Skólahljómsveitarinnar og 1 nemandi tók miðpróf.

Allir nemendur fá vitnisburð í lok skólaárs við skólaslit með einkunnum úr prófum og umsögnum kennara.

## ÚTSKRIFT OG VIÐURKENNINGAR

Þeir nemendur sem fá meira en 9 í mætingu og ástundun í Hljómsveitunum fá sérstaka viðurkenningu. Að þessu sinni voru 29 nemendur sem fengu sérstaka viðurkenningu. Á þessu skólaári útskrifaðist aðeins einn nemandi úr 10. bekk, síðustu afleiðingar bankahrunsins. Þeir nemendur sem útskrifast fá sérstakt útskriftarskírteini. Veitt hefur verið sérstök viðurkenning til útskriftarnemenda sem hafa staðið sig sérlega vel í allri ástundun bæði í hljómsveitum og á hljóðfærið sitt. Nemandinn sem útskrifaðist að þessu sinni er framúrskarandi nemandi og hlaut því viðurkenningu.



## UNDIRLEIKUR

Undirleikur er mikilvægur á tónleikum og í prófum og er nauðsynlegur í hljóðfæranámi til að spila verkefni sem skrifuð eru sérstaklega fyrir hljóðfærið og fá tækifæri til að hlusta á annars konar samspil en í hljómsveit. Margir kennarar spila með sínum nemendum en oft er undirleikur það erfiður að kalla þarf til sérhæfðan undirleikara. Einn kennari Oddur Björnsson hefur verið á föstum launum við að spila undirleik fyrir tónfundi og próf. Ráða þarf undirleikari þar að auki í áfangaprófum og lokaprófum. Að þessu sinni var það Dagný Björgvinsdóttir og Áslaug Gunnarsdóttir píanóleikarar sem spiluðu undir og fengu greitt sem verktakar.

## FORELDRAFÉLAG

Við hljómsveitina er starfandi öflugt foreldrafélag Forsa. Félagið hefur 5 manna stjórn og rekið eins og önnur félagsamtök með eigin kennitölu og lög. Allir foreldrar eru sjálfkrafa skráðir í félagið, innheimt er félagsgjald einu sinni á ári þar sem heimili greiðir eitt gjald en ekki eftir fjölda barna. Greiðslan er valfrjáls. Mjög margir eru að koma að aðstoða eftir því hvernig stendur á og allir boðnir og búnir að aðstoða. Mikið af starfi Skólahljómsveitarinnar er unnið í frítíma barnanna og utan vinnutíma kennara. Því er ekki mögulegt að fara eða gera neitt utan vinnutíma nema að foreldrar komi með. Það er algjörlega ómögulegt að fara í æfingabúðir með 40 manna hóp af ærslafullum börnum án aðstoðar. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að fá kennarar með í þess konar ferðir.

Mikið starf liggur hjá foreldrum að bjóða nemendum upp á hinar ýmsu fjáraflanir til að fjármagna ferðir hljómsveitarinnar. Starf gjaldkera er mikilvægt og hann heldur utan um alla fjármögnun.

## TÓNLEIKAR OG VIÐBURÐIR

Í starfi Skólahljómsveitarinnar er gert ráð fyrir að nemendur komi fram einir eða í litlum samspilum a.m.k. einu sinni á ári á tónfundum undir stjórn kennarans. Kennarar geta skipulagt tónfundi þegar hentar en oftast eru haldnir tónfundir í lok nóvember og byrjun desember. Í byrjun febrúar og í maí. Í maí voru haldnir tvennir samspilstónleikar í Laugarneskirkju mánudag 28. maí sem sýndi afrakstur kennara í litlum samspilum. Mikil vinna er við að finna verkefni við hæfi, raða saman í hópa og margir kennarar hafa útsett sérstaklega fyrir sína hópa lög sem henta. Í vor var þema með íslenski tónlist.



Morgunblaðið/Árni Sabberg

## Sundlaugargestir hlýddu á hressandi lúðrahljóm

Lúðrasveitartónar hljómuðu í óvenjulegu umhverfi í Laugardalshang á laugardagskvöld þegar Skólahljómsveit Austurbæjar spilaði fyrir gesti sundlaugarinnar.

Lúðrablátur hljómsveitarinnar var hluti af sundlauganótt sem tilheyrir dagskrá Vetrarhátíðar í Reykjavík sem fram fór 1. til 4. febrúar.

Skólahljómsveit Austurbæjar er ein af fjórum skólahljómsveitum í Reykjavík. Hljómsveitin hefur aðalabætur sitt í Laugarnesskóla í austurbæ Reykjavíkur.

Á þessu skólaári voru fernir hljómsveitartónleikar þar sem allar hljómsveitir A, B og C komu fram. Það voru Óskalög SÍSL í Hörpu 12. nóvember, hausttónleikar í Langholtskirkju 20. nóvember, jólatónleikar 10. desember í Hörpuhorni og vortónleikar 17. mars í Langholtskirkju. Uppskeruhátíð sem átti að vera í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 26. maí féll niður vegna veðurs.

Allar sveitir spila í grunnskólum ýmist til að halda tónleika fyrir nemendur eða vegna viðburða á vegum skólanna. B sveitin sér að mestu um skólatónleika og C sveitin um allar skrúðgöngur og viðburði utan skólatíma eða fyrir aðra aðila. Á þessu voru var óvenju lítið af slíkum spilamenskum og var það m.a. vegna endurmenntunarferðar kennara til Búdapest 9. – 13. maí sem hafði áhrif á þátttöku á vorhátíðum. Einnig kom í ljós að við endurnýjun fólks í foreldrafélögum virðist ekki færast upplýsingar um að skólahljómsveitin sé tilbúin að koma og spila.

Landsmót skólahljómsveita á vegum SÍSL var haldið í Breiðholti 27. – 29. apríl. Þetta landsmót var fyrir A og B sveitir á landinu. Mótið var mjög fjölmennuð með um 570 hljóðfæraleikurum sem var skipt niður í 7 hljómsveitir eftir aldri og getu. Mótið heppnaðist sérlega vel og voru haldnir flottir tónleikar á sunnudegi í íþróttahúsinu í Austurbergi.

Skólahljómsveitirnar í Reykjavík hafa haft samvinnu með að setja saman Big – band með elstu nemendum úr hljómsveitunum. Albert Sölvi Óskarsson kennari hjá Skólahljómsveit Austurbæjar stjórnaði Big – bandinu í vetur. Í fyrsta skipti var Big bandið starfandi bæði á haust – og vorönn. Æfingar eru haldnar í nokkrar vikur og síðan haldnir tónleikar. Það voru haldnir tónleikar í Laugarnesskóla 24. nóvember. Á vorönn hófust æfingar í mars aftur og spilað á Stórsveitamaraboni í Hörpu 22. apríl og svo aftur tónleikar í Laugarnesskóla 2. maí.

Hljómsveitarstjóri hefur sérstakan áhuga á að nemendur fái tækifæri til að spila í minni samspilum og hefur lagt mikla vinnu í að setja saman ýmsa hópa eftir því sem hentar eftir aldri og getu nemenda. Þessir hópar eru að koma fram við margs konar tækifæri þar sem ekki hentar að senda stórar hljómsveitir. Í vetur var starfandi flottur klarinettuhópur sem tók að sér ýmis verkefni. Einnig spilaði flautuhópur um jólin og fermingarhópar spila stundum oft. Fleiri kennarar voru í vetur með ýmsa samspilshópa sem voru að spila í skólunum sínum.

## HLJÓMSVEITIR

Fjöldi nemenda í vetur

A sveit 35 nemendur

B sveit 54 nemendur

C sveit 42 nemendur - samtals 131 nemendur

Heildarmætingar hljómsveitanna

A – sveit 65 mætingar, (6viðurkenningar)

B – sveit 76 mætingar( 14 viðurkenningar)

C – sveit 86 mætingar (9 viðurkenningar)

## TÓNLEIKAR ALLRA HLJÓMSVEITA

Óskalög í Hörpu á vegum SÍSL 12. nóvember

Tónleikar í Langholtskirkju mánudag 20. nóvember kl. 20.00

Tónleikar í Hörpuhorni 10. desember kl. 14.00

Tónleikar í Langholtskirkju laugardag 17. mars kl. 16.00

## A - SVEIT

7 viðburðir (tónleikar yfir veturinn)

8. september fyrsta æfing haustsins

Tónleikar á Óskalög SÍSL í Hörpu 12. nóvember

Hausttónleikar í Langholtskirkju mánudag 20. nóvember kl. 20.00

Tónleikar í Laugarnesskóla þriðjudag 12. desember kl. 9.05

Jólatónleikar sunnudag 10. desember í Hörpuhorni

Vortónleikar 17. mars í Langholtskirkju

Landsmót SÍSL í Breiðholti 27. – 29. apríl

Tónleikar í Langholtsskóla föstudag 25. maí kl. 8.40

## B - SVEIT



20 viðburðir (tónleikar og æfingabúðir yfir veturinn)

4. september fyrsta æfing haustsins

14. október langur æfingadagur í Laugarnesskóla

Tónleikar á Óskalög SÍSL í Hörpu 12. nóvember

Hausttónleikar í Langholtskirkju mánudag 20. nóvember kl. 20.00

25. nóvember spilað í jólaföndri í Fossvogsskóla

25. nóvember spilað í jólaföndri í Vogaskóla

Jólatónleikar sunnudag 10. desember í Hörpuhorni

19. og 20. desember spila nemendur úr B sveit á jólaskemmtunum í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla

20. - 21. janúar æfingabúðir í Þorlákshöfn

Vortónleikar 17. mars í Langholtskirkju

24. apríl skólatónleikar í Vogaskóla

Landsmót SÍSL í Breiðholti 27. – 29. apríl

30. apríl skólatónleikar í Langholtsskóla fyrir miðstig

- 3. maí skólatónleikar í Laugarnesskóla
- 4. maí tvennir skólatónleikar í Háaleitisskóla v. Álftamýri og í Hvassaleiti
- 28. apríl skólatónleikar í Langholtsskóla fyrir yngsta stig
- 8. maí tvennir tónleikar í Breiðagerðisskóla
- 15. maí skólatónleikar í Fossvogsskóla

## C - SVEIT



- 21. viðburðir (tónleikar, æfingabúðir)
- 19. ágúst spilað á Reykjavíkurmaraþoni á Menningarnótt
- 28. ágúst fyrsta æfing haustsins
- 13. september hausthátíð í Breiðagerðisskóla
- 28. október langur æfingadagur í Laugarnesskóla
- Tónleikar á Óskalög SÍSL í Hörpu 12. nóvember
- 16. nóvember spilað við afhending verðlauna á degi íslenskrar tungu í Hörpu
- Hausttónleikar í Langholtskirkju mánudag 20. nóvember kl. 20.00
- 25. nóvember spilað 2x í jólaföndri í Laugarnesskóla
- 3. desember spilað í aðventumessu í Langholtskirkju
- Jólatónleikar sunnudag 10. desember í Hörpuhorni
- 16. desember spilað í miðbænum/Laugaveginum fyrir Visitreykjavík

- 17. desember spilað fyrir Skautafélag Reykjavíkur í Skautahöllinni
- 19. og 20. desember spila nemendur úr C sveit á jólaskemmtunum í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla
- 27. desember þátttaka í tónlistargjöfning fyrir hátíð SigurRósar í Hörpu
- 3. febrúar spilað úti á Sundlauganótt í Sundhöllinni og í Laugardalslaug
- 4. febrúar fóru allir saman á skauta í Skautahöllinni, greiðsla fyrir spilamennsku
- 3. – 4. mars æfingabúðir í Þorlákshöfn
- Vortónleikar 17. mars í Langholtskirkju
- Sumardagurinn fyrsti 19. apríl skruðganga fyrir Bústaðahverfi
- 28. apríl spilað við skóflustungu fyrir Hjálpræðisherinn
- 27. maí „Laugarnes á ljúfu nótonum“ vorhátíð Laugarneshverfis
- 1. júní spilað fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í Borgartúni og starfsmenn HB Granda
- 3. júní skruðganga á sjómannadag frá Hörpu út á Grandagarð



## AÐRIR HLJÓDFÆRAHÓPAR

27 viðburðir

- 13. október klarinettuhópur spilar á aðalfundi Skólastjórafélags Íslands á Grand Hóteli
- 23. nóvember Big – band skólahljómsveita tónleikar í Laugarnesskóla
- 25. nóvember samspilshópur úr Langholtsskóla spilar á laufabrauði í Langholtsskóla
- 3. desember spilar klarinettuhópur á aðventukvöldi í Laugarneskirkju
- 4. desember klarinettuhópur spilar á jólafundi hjá Kvenfélagi Laugarneskirkju
- 9. desember klarinettuhópur spilar jólalög í verslunarkjarna Álfheima



- 9., 12., 14. desember tónfundir kennara haldnir í Laugarnesskóla
16. desember flautuhópur spilar jólalög í Sundlauginni í Laugardal kl. 8.30
16. desember klarinettuhópur spilar í Sundhöll Reykjavíkur kl. 16.00
13. febrúar klarinettuhópur spilar fyrir Rótarý í Reykjavík (greitt)
- 9., 10., 26. febrúar tónfundir kennara haldnir í Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla
24. febrúar svæðistónleikar Nótunnar, trompetleikari fulltrúi Skólahljómsveitarinnar
11. mars klarinettuhópur spilar í æskulýðsmessu í Laugarneskirkju
12. mars leikskólaverkefni í Tónskóla Sigursveins
21. mars klarinettuhópur spilar á Barnaspítala Hringsins
15. apríl fermingarhópur spilar í fermingu
17. apríl leikskólatónleikar á Barnamenningarhátíð í Hörpu
19. apríl fermingarhópur spilar í fermingu
22. apríl Big – band skólahljómsveita spilar á Stórsveitamaraþoni í Hörpu
2. maí Big – band skólahljómsveita tónleikar í Laugarnesskóla
6. maí fermingarhópur spilar í fermingu
28. maí tvennir kammertónleikar í Laugarneskirkju
31. maí skólaslit, hópar spila



## LOKAORÐ

Nú lýkur 14. starfsári mínu sem hljómsveitarstjóra Skólahljómsveitar Austurbæjar. Það var á margan hátt rólegra en árið á undan en miðað við viðburðatölur þá voru þær ekki mikið lægri en árið á undan. Skólahljómsveitir voru stækkaðar um 10 nemendur hver hljómsveit og heldur rýmkaður möguleiki á að greiða yfirvinnu fyrir ýmis störf eins og kammervinnu og aðstoð við hljómsveitarstjóra. Um leið og nemendum fjölgað eykst þörf fyrir meira húsnæði, fleiri hljóðfæri og hljómsveitirnar stækka. Skólahljómsveit Austurbæjar vinnur við mjög þröngar aðstæður í Laugarnesskóla og ljóst að skólinn getur ekki tekið við þeirri aukningu sem verður framundan þegar hljómsveitirnar stækka. HVAÐ GERUM VIÐ ÞÁ?

Það sem er að breytast er að kennarar eru að koma meira inn í ýmsar aukaspilamennskur og möguleiki á að fá aðstoð við skrifstofuvinnu er að aukast og sú viðurkenning að ekki sé hægt að réttlæta það að hljómsveitarstjóri geri allt einn. Samkvæmt kjarasamningi er heimild fyrir aðstoðarskjólástjóra þegar stærð skóla er kominn með um 90 nemendur. Skólahljómsveit Austurbæjar er með 138 nemendur í hljóðfæranámi og með um 165 nemendur í heild. Það er því orðið aðkallandi að viðurkenna þörf fyrir aðstoð á skrifstofu og við hljómsveitarstjórn. Hér kemur eitt dæmi.

Dæmi: spilamennska fyrir skóla vegna afmælis. Það þarf að velja tónlist og æfa hana. Boða nemendur og hafa samband við foreldra og kennara um tímasetningu sem rekst á hefðbundið dagatal. Það þarf að pakka niður slagverki, nótnastólum og öðrum hljóðfærum við 40 nemendur. Flytja þetta dót þangað sem tónleikarnir eru, oft erfitt að komast almennilega að eða það þarf að koma dótinu innanhúss einhverjar vegalengdir. Taka á móti nemendum þar og finna út úr að allir séu mættir, hringja jafnvel í nemendur sem ekki eru á staðnum. Finna staðsetningu til að spila svo allir komist fyrir, stilla og jafnvel aðstoða trommuleikara við að stilla upp slagverki, þetta þarf að gerast á 30 mín því nemendur eru svo uppteknir að það er ekki hægt að boða þá með allt of miklum fyrirvara. Passa að nemendur sem rekast ekki sérlega vel í hópi fái sín skilaboð eins og allir aðrir. Að lokinni spilamennsku þarf að ganga frá og koma öllu dótinu aftur til baka. Ein statifakista getur verið um 40 kg sem þarf að komast upp og niður stiga, enginn frá skólanum má vera að því að aðstoða. Þegar dótið er komið aftur á æfingastað þarf að koma því svo vel fyrir að það trufli ekki starfsemi skólans daginn eftir. Nú svo þarf að taka myndir af öllu sem er að gerast svo allir foreldrar og yfirmenn geti séð hvað hljómsveitin var flott að koma fram. Á meðan þessi spilamennska er í gangi hafa komið 10 tölvupóstar frá foreldrum sem þarf að svara og enginn er við til að taka á móti símtölum vegna veikinda eða upplýsa um hinar sveitirnar. Skrifstofustörfin ýtast því áfram og eina leiðin er að vinna langt fram á kvöld.

Á næsta skólaári verður undirbúningur fyrir utanferð C sveitar og mjög ánægjulegt að fá styrk úr þróunarsjóði Skóla – frístundasviðs til að vinna að spennandi verkefni með brasilíska tónlist.

Það er því aldrei dauður tími í starfi hljómsveitarstjóra.

Reykjavík 21. júní 2018

Vilborg Jónsdóttir Hljómsveitarstjóri Skólahljómsveitar Austurbæjar